



Nóttin sem öllu breytti

– Sóley Eiríksdóttir í viðtali

Í viðtali Bæjarins besta þessa vikuna er spjallað við Sóleyju Eiríksdóttur sem nýverið sendi frá sér bókina „Nóttin sem öllu breytti“ sem hún skrifaði í samstarfi við Helgu Guðrúnu Johnson. Sóley sem er sagnfræðingur að mennt segir bæði sína eigin sögu, sem og sögu fjölmargra samferðamanna sinna á Flateyri um þá hörmungaratburði er snjóflóð féll á Flateyri í októbermánuði árið 1995 með þeim afleiðingum að tuttugu manns létu lífið, þar á meðal systir Sóleyjar.


– sjá bls. 8–12



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 15. desember 2016 · 47. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Forsíðumyndin er eftir nemanda í Grunnskólanum í Bolungarvík.



Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*

Kristín Jónsdóttir ljósmóðir látin



Kristín Guðrún Jónsdóttir fæddist 10. júní 1928 á Mýri í Álftafirði. Hún lést þann 7. desember 2016 á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði.

Foreldrar hennar voru Jón Guðjón Kristján Jónsson f. 1892, d. 1943, bóndi á Mýri og Halldóra María Kristjánsdóttir f. 1892, d. 1944.

Systkini Kristínar: Hallfríður Kristín f. 1920, d. 1985; Bjarney Guðrún f. 1921, d. 2012; Pálína f. 1925, d. 2011; Halldóra Margrét f. 1930, d. 1965; Hermann f. 1931, d. 1932; Stúlka f. 1933, d. 1933; Kristinn Jón f. 1934, d. 2003 og Höskuldur f. 1937.

Árið 1951 giftist Kristín Oddi Guðjóni Örnólfssyni f. 1920, d. 2008. Börn þeirra: Þórhildur f. 1953, m. Jónatan Hermanns-

son; Margrét f. 1954, d. 2015; Örnólfur f. 1956, m. Védís Ármannsdóttir; Jón Halldór f. 1958, m. Martha Ernstsóttir; Gunnar f. 1960, m. Sólveig Guðnadóttir; Bára f. 1965, m. Óskar Ármannsson.

Auk barnanna sex eiga Kristín og Oddur tuttugu barnabörn og stjúpbarnabörn og sextán barnabarnabörn.

Að foreldrum sínum látnum fór Kristín í vist og síðar varð hún kaupakona og ráðskona í vegagerð austur á Héraði. Hún var í húsmæðraskólanum á Hallormsstað 1946–48 og útskrifaðist úr Ljósmaðraskóla Íslands 1950. Eftir stutta viðdvöl á Fæðingadeild Landsspítalans flutti hún til Ísafjarðar og giftist Oddi Örnólfssyni sjómanni og verkamanni frá Skálavík. Þau bjuggu um tíma í Dalshúsum í Valþjófsdal í Öfundarfirði en fluttu aftur til Ísafjarðar, þar sem Kristín var heimavinnandi húsmóðir fram til 1966 þegar hún tók að sinna ljósmóðurstarfinu á ný. Fyrst í afleysingum en síðan í fullu starfi allt til 1995 og eftir það leysti hún af þegar mikið lá við.

Alla jafna áttu tvær ljósmæður að sinna Ísafirði og nágrenni, en það kom fyrir að Kristín var

ein vikum saman og ekki alltaf sem hún náði að hvílast eins og eðlilegt mætti teljast.

Á ferli sínum tók Kristín á móti á annað þúsund börnum. Fyrstu árin fæddu margar konur í heimahúsum og voru ófá sporin sem Kristín átti í húsvitjanir til nýbakaðra mæðra. Síðar færðust allar fæðingar inn á sjúkrahúsið, en það gat orðið tafsamt að koma verðandi mæðrum á sjúkrahúsið. Það kom fyrir að ljósmóðirin færi á snjóbil að sækja barnshafandi konu vestur yfir heiði til Suður-eyrar. Þá eru ótaldir ferðir með sjúkraflugi til Reykjavíkur ef líkur voru á sérstaklega erfiðri fæðingu eða fylgikvillum. Kristín var fámál um þau ævintýri eða hremmingar, sem hún kann að hafa lent í á starfsferli sínum. Samferðamenn eru kannski líklegri til að kunna frá einhverju að segja, en þeim er sennilega farið að fækka, enda tuttugu ár síðan starfsferli Kristínar lauk.

Kristín var farsæl í störfum og sinnti sængurkonum af natni og hlýju. Enn í dag fá börnin hennar að heyra lofsyrði um hana sem ljósmóður frá konum sem fæddu fyrir áratugum síðan.

Að lokum má segja frá því að stúlka nokkur eignaðist barn

skömmu fyrir stúdentspróf. Barnið var óvært og lítill friður til að standa í próflestri. Stúlkan sneri sér í öngum sínum til Kristínar ef hún kynni einhver ráð. „Komdu með barnið“ svaraði Kristín og næstu vikur mátti iðulega sjá barnavagn fyrir utan hjá henni meðan unga stúlkan tók sín próf.

Það er gaman að geta þess að daginn sem Kristín fæddist, fæddust tvö önnur stúlkubörn í Djúpinu og hlutu þær allar nafnið Kristín.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Kristín G. Jónsdóttir

Ljósmóðir Ísafirði

lést á Hjúkrunarheimilinu Eyri þann 7. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 17. desember kl. 14.



Þórhildur Oddsdóttir
Örnólfur Oddsson
Jón H. Oddsson
Gunnar Oddsson
Bára Elíasdóttir

Jónatan Hermannsson
Védís H. Ármannsdóttir
Martha Ernstsóttir
Sólveig S. Guðnadóttir
Óskar Ármannsson

barnabörn og barnabarnabörn

NET FLUGELDAR.IS

PANTAÐU ÞÍNA FLUGELDA NÚNA!

Í FYRRA SELDIST ALLT UPP!

Fjölskyldu TILBOÐ

Aðeins 11.970

106 stk í fjölskyldu-pakkanum!

Aðeins 5.500

KRAKKAPAKKINN

Aðeins 8.900

PRIGGJA TERTU PAKKINN

Aðeins 18.900

4x100 TERTUPAKKINN

Sendum HVERT Á LAND SEM ER*

ATH! Pantanir sem á að senda út á land verða að hafa borist okkur fyrir lok dags 26. desember.

Það er auðvelt að panta - prófaðu núna! www.netflugeldar.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



NORÐLENSKT
HANGIKJÖT

2.198
kr. kg

Fjalla Hangiframpartur
Úrbeinaður



2.598
kr. kg

Fjalla Hangilæri
Úrbeinað



3.198
kr. kg

Nautalundur
Þýskaland, frosnar



1.359
kr. kg

Bónus Hamborgarhryggur
Með beini

SPARAÐU MEÐ BÓNUS



1.198
kr. kg

KEA Hangiframpartur
Sagaður, með beini, frosinn



2.798
kr. kg

Norðanfiskur
Reyktur eða grafinn lax



998
kr. kg

NF Saltfiskbitar
Útvatnaðir, frosnir

ALLT FYRIR
ÞORLÁKSMESSUVEISLUNA



1.359
kr. kg

Fiskbúðin okkar Skata
Kæst og söltuð



1.898
kr. 1 kg

Bónus Konfekt
1 kg



169
kr. 100 g

Toblerone
100 g



198
kr. 570 g

Rauðkál og Rauðrófur
570 g



1.998
kr. kg

Kalkúnabringa
Þýskaland, frosin



2.498
kr. 2 kg

Mackintosh Konfekt
2 kg



498
kr. 1 kg

Taverners Lakkrís
1 kg



198
kr. 400 g

Bónus Rífsberjahlaup
400 g

OPNUNARTÍMI

17. DES. LAUGARDAGUR	10-19
18. DES. SUNNUDAGUR	12-18*
19. DES. MÁNUDAGUR	11-19
20. DES. ÞRIÐJUDAGUR	11-19
21. DES. MIÐVIKUDAGUR	10-20
22. DES. FIMMTUDAGUR	10-21
23. DES. FÖSTUDAGUR	10-22
24. DES. LAUGARDAGUR	10-14

*LOKABÍÐ Í SKÚTUVOGI

BONUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gildir til og með 18. desember eða meðan birgðir endast



Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Bláðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is.
 Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Göngin góðu

Það er þyngra en tárur taki að verða vitni að þeim óheiðarleika sem sýndur er í tengslum við marglofaðar framkvæmdir við Dýrafjarðargöng. Bráðnaðsynleg framkvæmd fyrir samfélagið og atvinnulífið hér á Vestfjörðum og stjórnáðalmennt hafa lofað, bæði hátt og skýrt, að verði nú framkvæmt á næsta kjörtímabili, þannig hafa íbúar Vestfjarða verið dregnir á asnaeyrunum í áratugi. Í þetta skiptið virtist þó hugur fylgja máli og allmargir farnir að treysta því að nú yrði staðið við stóru orðin. Búið er að samþykkja Ríkisfjármálaáætlun til fimm ára og þar er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist af fullum krafti 2017, það er líka búið að samþykkja samgönguáætlun og þar er sömuleiðis gert ráð fyrir framkvæmdum árið 2017. Það þarf því einbeittan brotavilja til að taka út fjárframlög til ganganna við fjárlagagerðina sem unnin var í sumar. Svona gerist ekki óvart, meðvitað eru aðrar framkvæmdir teknar fram fyrir og göngin tekin út, þetta gerist í fjármálaráðuneytinu sem ber ábyrgð á fjárlagagerðinni og í innanríkisráðuneytinu sem ber ábyrgð á samgöngumálum. Það er líka rétt að átta sig á því að í kosningabaráttunni hér fyrir vestan, þar sem frambjóðendur allra flokka gáfu út fullan stuðning við Dýrafjarðargöng var búið að taka ákvörðun hjá forsvarsmönnum Sjálfstæðisflokksins, jafnvel Framsóknarflokksins líka, að fresta göngunum eina ferðina enn.

Áttum okkur líka á því að ef staðið hefði verið við bæði ríkisfjármálaáætlun og samgönguáætlun værum við að deila um eitthvað annað og engum hefði dottið í hug að nota Dýrafjarðargöng sem skiptimynt, heldur einhverja aðra samgönguframkvæmd, kannski einhverja sem var hluti af kosningavæðum haustsins og bara inn í samgönguáætlun en ekki í ríkisfjármálaáætlun. Nú er það fjárlaganefndar sem þingmaður norðvesturkjördæmis Haraldur Benediktsson fer fyrir og alþingis að koma þessu á réttan kjöl aftur, það er rétt að setja það í langtíðaminnið hverjir standa þar með okkur.

Viðtalið í blaði dagsins er við Sóleyju Eiríksdóttir, höfund bókarrinnar Nóttin sem öllu breytti og fjallar um snjóflóðið á Flateyri 1995. Og við minnumst ljósmóðurinnar og hvunnadagshetjunnar Kristínar Jónsdóttur sem lést í vikunni.

Njótum aðventunnar
BS

Spurning vikunnar

Er krossgátan mikilvæg í Bæjarins besta eða má sleppa henni?

Alls svöruðu 471

Það má hætta með krossgátuna, sögðu 72 eða 15%

Mér er alveg sama, sögðu 135 eða 29%

Nei nei nei, alls ekki hætta með krossgátuna, sögðu 264 eða 56%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Kaflar úr bókinni Súg-firðingur fer út í heim:

eftir Guðbjart Gunnarsson



Öskubuskur koma til Suðureyrar

Vorið eftir komu hinar landsfrægu Öskubuskur í heimsókn til Suðureyrar og sungu sig inn í hjörtu ungra Súg-firðinga. Sigrún Jónsdóttir var þar í einhvers konar forystu og bar af hinum buskunum hvað snerti söng og kvenlega fegurð, að mér fannst. Nú var ég búinn að yfirvinna alla feimni, að ég hélt, sveiflaði mér í dansinn og beið eftir tækifæri til að fá að dansa við þessa frægu og fallegu stjörnu að sunnan. Ég náði í síðasta dansinn, sem þá var gjarnan eitthvert hægt og rómantískt lag, svo vangarnir snertust „óvart“ og hægri höndin hélt fastar um mittið mjóa. Eftir ballið gengum við inn fyrir þorpið og eitthvað var talað, en nú kom upp annar vandi. Einhvern veginn fannst mér, að mér bæri eiginlega skylda til að kyssa stúlkuna, fyrst hún hefði látið tilleiðast að labba með mér alla leið inn að kirkju, áður en hún færi aftur til Ísafjarðar til næturgistingar. En ég kunni ekki að kyssa og þorði ekki að hætta mér út í neinar vafasamar tilraunir. Hvílik niðurlægning. Þetta var skelfilegt, hreint ömurleg staða. Þarna var ég eins og lamaður, hélt utan um frægustu söngkonu landsins, ef ekki heimsins og gat ekkert gert annað en að labba með henni til baka og kveðja af allri þeirri kurteisi sem ég kunni. En nú var mér ljóst, að ég varð að læra að kyssa og það fljótt.

Þegar ég síðan kom suður og fór að gramsa í bókum á fornþekktum, rakst ég á þínu-litinn, snjáðan bækling og gulan af elli, sem bar yfirskriftina: LISTIN AÐ KYSSA. Þetta var með ólíkindum og upp rifjaðist kunnáttuleysi mitt á heimaslóð á liðnu sumri. Þessi fyrsta og eina kennslubók, sem ég hefi augum

litið um þessa göfugu list var aðeins venjulegt vélritunarblað, brotið saman í kross, þannig að úr þessu blaði fengust fjórar síður hvoru megin, eða samtals átta blaðsíður. Á forsíðunni var svart-hvít mynd af appelsínu. Síðan hófust leiðbeiningarnar: „Fáið ykkur nýja appelsínu og þvoið hana vandlega ...“ Ég held ég sleppi frekari upprifjun á innihaldinu, en þessi minnsta kennslubók sem ég hef augum litið gerði meira gagn en margan kynni að gruna og efldi mér kjark til frekari tilrauna, eftir að haustmyrkrið skall á.

Uppnefnið og að komast hnyttilega að orði

Flestir fengu einhver uppnefni í þessum litlu plássum, þar sem allir þekktust. Í barnæsku var ég kallaður Baddi, en í skólanum lagfærðu malarpúkarnir þetta aðeins til að tengja mig við sveitina og ég því kallaður Baddi selli. Mér fannst þetta hins vegar alger óþarfi og eftir barnaskólann svaraði ég ekki, ef ég var kallaður Baddi. Þaðan í frá skyldi ég kallaður Bjartur. Í þessum sjávarplássum voru algeng ýmis uppnefni, eins og t.d. Doddi grútur, Stjáni meik, Guji skó, Steini grjótt, Bjarni kjaftur, Oddur næpa, Mæja stýri, Sigga ljósa, Valdi blái og Jónas hvalur. Á Patreksfirði var bréðferinn að sjálfsögðu kallaður Jói útbuður og timbursalinn Villi viðbjóður.

En þetta var nú allt meint sem meinlaust grín. Fámennið og fábreytileikinn í þessum sjávarþorpum varð gjarnan til þess, að fólk fann upp á einu og öðru til að gefa lífinu lit. Mikið var til dæmis lagt upp úr því, að menn kæmust hnyttilega að orði, svöruðu skemmtilega fyrir sig og létu engan eiga inni hjá

sér í orðaskiptum, hvort sem var í gamni eða alvöru. Sumir klömbuðu saman vísunum til frekari áherslu. Ég kynntist þessu lítilla, þegar ég vann við framlengingu brimbrjótsins utantil í firðinum. Kaffitímarnir voru mér algerlega ný upplifun. Þarna héldu t.d. tveir, vel mæliskir menn, líkraður hvor yfir öðrum, þeir Bjarni Bjarnason (Bjarni kjaftur) og Njáll Jónsson. Ögleymanleg talmynd. Steinn Steinsson var allra vinur og velgjörðarmaður, stór maður og sterkur og ávallt reiðubúinn að hjálpa náunganum, þótt sjaldan eða aldrei fengi hann greiðslu í peningum, trúlega oftast aðeins með kaffisopa og mola, kannski kleinu. Ef fólk þurfti að flytja einhvern varning, haframjölsekk eða kolapoka í eldinn, var leitað til Steina. Kaupfélagið fjárfesti í handkeru, sem Steini stjórnaði með þrýði og flutti margan varninginn fram og til baka um plássid. Þegar Kaupfélagið eignaðist bíl, fékk Steini kerruna að gjöf, svo og sleða, sem notaður var á vetrum. Fiskimenn fundu lítinn björgunarbát úr járn á reki utan fjarðar og gáfu Steina þennan bát. Þar með var okkar maður orðinn útgerðarmaður og gat tekið að sér meiri og þyngru flutninga, bæði á sjó og landi. Ef menn vantaði brennivín, fór Steini gangandi til Ísafjarðar með innkaupalista og peninga. Á vetrum fór hann á skíðum og varð aldrei meint af. Ég efast um, að Steina hafi nokkurn tíma orðið misdægurt. Ég tók einu sinni mynd af Steina með 200 punda fiskimjölspoka á bakinu. Þannig voru fiskiþorpin, sem Jón úr Vör orti um. Sterkir einstaklingar, sem aldrei létu bugast, hvað sem yfir gekk.

Lífið er saltfiskur.



STYTTRI FERÐALÖG, LENGRI FAÐMLÖG



JÓLAGJAFABRÉF FLUGFÉLAGS ÍSLANDS

Fullorðinsbréf: **19.525 kr.***

Barnabréf: **10.860 kr.****

Jólagjafabréfið er ferðalag í hlýjan faðm og dekur. Fullkomin gjöf fyrir ferðaglaða ættingja og vini á öllum aldri. Hvern viltu fara og finna á nýju ári og knúsa á meðan snjóa leysir, langt fram á næsta vor? Jólagjöfina í ár er einfalt að kaupa og bóka á **flugfelag.is**

Jólagjafaflug er hægt að bóka frá 29. desember 2016 til 29. febrúar 2017 fyrir ferðatímabilið 6. janúar til 31. maí 2016. Frá 1. júní gildir Jólagjafabréfið sem inneign uppí önnur fargjöld eingöngu bókanleg á vefnum, gjafabréfið gildir í tvö ár. Nánar um skilmála á **flugfelag.is**

* Flug fram og til baka og flugvallarskattar. Gildir ekki í tengiflug í gegnum Reykjavík.

** Fyrir börn á aldrinum 2–11 ára.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Fyrsti kafli úr bókinni Bjalla og bæjarstjórinn sem gat ekki flogið eftir Pröstor Jóhannesson



Bjalla

Á milli tveggja stærstu kaktusanna í villta vestrinu var hinn byssulausi Rjómabær. Í útjaðri hans stóð hús sem nefndist Gullhóll og þar rétt hjá, í litlum hrölegum geitakofa, bjó Bjalla.

Þar hafði hún hírst ásamt Gussa fingralangra frá því að hún mundi eftir sér. Annað um sjálfa sig vissi Bjalla ekki.

Hún hafði til dæmis ekki hugmynd um af hverju hún var kölluð Bjalla. Ekki hafði hún heldur hugmynd um hvaðan í ósköpunum hún var komin, og ekki var henni

kunnugt um að hún ætti foreldra. Af þeim sökum dreyndi hana stundum um að nágrannar hennar á Gullhóli – þeir Ívar klæðskeri og Dóri skáld, væru foreldrar hennar. Bjalla hafði nefnilega svo oft fylgst með þeim út um rifuna á geitakofanum og átt margar góðar stundir með þeim í einveru sinni. Skemmtilegast þótti henni að fylgjast með þegar þeir fylgdu sínu frúnum út, í nýsaumuðum rjómatertukjólum. Þá gekk oft mikið á, einkum þegar vindur blés og koma þurfti blessuðum konunum upp í hestakerrur, eða jafnvel beint á hest. En Bjalla hafði líka gaman af þeim kumpán-um þegar þeir sátu í hengirólunni á veröndinni og skeggræddu lífsins gagn og nauðsynjar. Þá ímyndaði Bjalla sér að þeir væru að tala um sig. Og hvenær hún ... *elsku Bjalla þeirra ... rauðhærða stelpuskottið, myndi nú birtast á dyrarepinu hjá þeim?*

Já, það virtist allaf vera líf og fjör á Gullhóli og því engin furða að Bjöllu dreyndi um að komast þangað. Auk þess hafði hún ríka ástæðu til að hafa sig á brott, en sú ástæða var einmitt hann Gussi fingralangi.

Já, melurinn sá.

Gussi fingralangi var eins og nafnið gefur til kynna þjófur og lygari fram í sína löngu fingurgóma. Fyrst sagðist hann hafa rænt Bjöllu úr höndum ríkrar hefðarfrúar – í einu af sínum frægu póstvagnaránum. En síðar breyttist sagan hjá honum – og allt í einu var hún á þá leið, að hann hefði bjargað henni frá blóðþyrstum indjáním sem voru rétt í þann veginn að fara að flá af henni höfuðleðrið. Það var því hjartagæsku hans og hugdirfsku að þakka að Bjalla lifði – og deildi nú kjörum með honum – þessum líka sómamanni.

Og lygnar streymdu út úr Gussa ...

Geitakofinn átti til að mynda að hafa fallið honum í skaut í póker. Það væri helsta ástæða þess að þau hídust þar, þótt hjallurinn héldi hvorki vatni né vindum. Einnig talaði Gussi sífellt um það hve sveitaloftið væri sér hollt, þótt Bjalla hefði aldrei séð hann gera nokkra tilraun til að fara út og njóta þess. Þess í stað hélt hann sig innandyra og var stöðugt á verði. Þegar að Bjalla innti hann einu sinni eftir því af hverju hann færi

aldrei út, sagðist Gussi vera með afar slæmt ofnæmi fyrir sólinni.

Bjalla spurði þá í sakleysi sínu hvort hann þyrfti ekki bara sólhlíf einsog finu frúnar sem komu stundum á Gullhól.

En við það varð Gussi fingralangi öskuillur og talaði ekki við Bjöllu dögum saman.

Já, Gussi var hræðilegur maður í alla staði og alls kyns vafasöm forréttindi fylgdu því að búa hjá honum. Bjalla var vitanlega skömmuð og klipin í eyrun í tíma og ótíma. Hún mátti einungis fara út úr kofanum að nóttu til og þá bara í örskotstund. Hún fékk aðeins nokkrar bragðvondar baunir og kaffibolla í hvert mál. Henni var líka óhætt að fá sér slurk af vískí ef tannpína plagaði hana. Svo síðast en ekki síst átti Bjalla að klóra Gussa á bakinu á hverjum degi. En það þoldi hún ekki. Því hann hafði ábyggilega aldrei farið í það og lyktaði eins og skunkur.

Svo gerðist það einn daginn að Bjalla þurfti aldrei að klóra Gussa meir og allt hennar líf gerbreyttist.

En það gerðist nokkurn veginn svona:

Gussi vakti Bjöllu eldsnemma morguns og var í afar vondu skapi. Sagðist hann þurfa að lesa grein fyrir Bjöllu úr Rjómafréttum, en það var fréttablað bæjarins sem kom út öðru hvoru. Það var nú ekki eins og Gussi læsi þetta blað reglulega – öðru nær! Það hafði einfaldlega fokið beint í andlitið á honum þegar óvænt vindhviða feykta skyndilega upp dyrunum á geitakofanum.

Gussi hélt blaðinu fyrir framan sig með skjálfsandi höndum og las, svolítið hægt og hikandi, því hann var ekkert alltof vel læs:

Heiðrekur bæjarstjóri hefur skorið upp herör gegn glæpum í bænum. Hans fyrsta verk verður að reka á brott alla óvelkomna, enda margir útlagar og villabilar á vappi í kringum bæinn. Heyrst hefur að hugsanlega sé Gussa fingralanga þar að finna.

Svo bæjarbúar eru vinsamlegast beðnir um að vara sig.

Aðspurður hvort tími sé kominn til að leyfa byssur, svaraði Heiðreikur bæjarstjóri hneykslaður: „Nei auðvitað ekki. Rjómaabær er byssulaus bær, þökk sé mér! Ég er lofaður og dáður um gjörvallt villta vestrið fyrir að hafa gerst svo djarfur að banna vopn. Fyrir þá sem ekki muna, þá bannaði ég líka glæpi í leiðinni. Bið þar af leiðandi alla ribbalda að koma sér frá Rjómaabæ hið fyrsta.“

Gussi var svo fögur og fár eftir lesturinn að Bjöllu stóð ekki á sama.

„Á ég að sækja vískí handa þér?“ spurði hún.

Gussi kunni svo sannarlega ekki að meta góðmennsku Bjöllu og hvæsti á móti fókuvondur:

„Nei stúlkukind, auðvitað ekki. Ég er ekki með tannpínu. Bara ef svo væri. En ég hef verið svikinn!“

„Úbbs! Enn eitt reiðikastið,“ hugsaði Bjalla með sér. „Best að segja ekki neitt.“

En þá varð Gussi ennþá reiðari og reif í Bjöllu.

„Það er úti um mig, asnakjálki!“ hrópaði hann. „Ég verð að fara, sérðu það ekki – ég kem síðar og saki þig.“

Gussi fingralangri hristi Bjöllu nokkrum sinnum, til að undirstríka orð sín og rauk síðan á dyr.

Bjalla stóð eftir ringluð og vissi ekki hvað hún ætti að gera, en svo rankaði hún við sér. Nú var auðvitað upplagt tækifæri til að dansa og það gerði Bjalla í góða stund. Og fyrst hún var nú byrjuð að dansa og engin Gussi fingralangi lengur til að skamma hana, ákvað Bjalla að réttast væri að hoppa upp á borð og halda dansinum áfram þar. Að gleðidansinum loknum tók hún fram litla snjáða ferðatösku og tindi saman föggur sínar. Síðan beið hún fram undir myrkur til að fullvissa sig um að Gussi fingralangri væri kominn nógu langt í burtu. Að því búnu yfirgaf hún Geitakofann og rölti í áttina að Gullhóli.



PHOTOGRAPHIA

Ágúst Atlason
LJÓSMYNDARI

BJÖRNSBÚÐ
Sílfurgata 1
Ísafjörður
8404002

GJÖF FYRIR ÞAU

SEM ALLT EIGA

FÆST Í

BJÖRNSBÚÐ!

URVAL Á STADNUM KÍKID VIÐ!

Ver slum í heimabyggð!

LJÓSMYNDIR Í/ÁN RAMMA

STRIGAMYNDIR

GJAFABRÉF - MYNDIR/MYNDATAKA

Jólaakveðja - Listamaðurinn á horninu



Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Allt að 6.800 tonna framleiðsla á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi

Háafell ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um allt að 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 12. desember 2016 til 23. janúar 2017 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofum Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og Strandabyggðar, á Bæjar- og héraðsbókasafni Ísafjarðar, Bókasafni Súðavíkur, Héraðsbókasafni Strandasýslu, Hólmavík, í Þjóðarbókhöfðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skiplag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 23. janúar 2017 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skiplag@skiplag.is.



JÓLAÍS 2016

Mjúkis



— MED —
**JARÐARBERJASÓSU
& MJÚKU SÚKKULADI**
1L



Jólaísinn 2016 er fullkominn endapunktur á jólamáltíðinni. Silkimjúkur vanilluís með jarðarberja- og súkkulaðisveip er sígild blanda sem skapar hinn sanna jólaanda.

Nóttin sem öllu breytti

– Sóley Eiríksdóttir í viðtali



Flateyringurinn Sóley Eiríksdóttir er ein þeirra sem lenti í snjóflóðinu mikla sem féll á bæinn í októbermánuði árið 1995 með þeim hörmulegu afleiðingum að tuttugu manns létu lífið. Það má rétt um geta hversu mikið áfall það var fyrir lítið samfélag að missa svo marga og hversu djúp sárin voru í hjörtum þeirra

er horfðu á eftir ástvinum sínum þessa myrku nótt sem öllu breytti. Sóley, sem var ellefu ára þegar flóðið féll, var síðust til að finnast á lífi en hún var grafin í flóðinu í níu klukkustundir. Í flóðinu missti hún systur sína Svönu sem var 19 ára, vini sína og ættingja, og þorpið sitt eins og hún þekkti það.

Sóley er sagnfræðingur að mennt og í BA-ritgerð sinni skrifaði hún um flóðið og bar sig þar eftir að segja sögur sem ekki höfðu áður heyrst. Hún lét þó ekki staðar numið þar heldur hefur hún nú sent frá sér bókina *Nóttin sem öllu breytti*, þar sem hún rekur sögu flóðsins í máli og myndum, sína eigin sögu og

sögur annarra sem í því lentu.

Um síðustu helgi kom Sóley, sem nú er búsett í höfuðborginni ásamt eiginmanni sínum og þremur dætrum, heim á fornar slóðir og kynnti bókina. Fyrst á upplestrarkvöldi á Flateyri, sem hún segir sjálf að hún hafi hálf kviðið fyrir, að finna og heyra viðbrögð Flateyringa sem enn

búa á staðnum. Áhyggjurnar reyndust þó óþarfar, á Flateyri var henni og bókinni vel tekið og sama var upp á teningnum í Safnahúsinu á Ísafirði á laugar-dag. Sóley las úr tveimur köflum í bókinni og sagði frá tilurð hennar og vinnunni við að koma henni frá sér, en bókina skrifar hún í samvinnu við Helgu Guðrúnu Johnson.

Ætlaði sér alltaf að segja sögu flóðsins

Bókinni hafa verið gerð skil af gagnrýnendum Fréttablaðsins og Stundarinnar sem fara um hana fögrum orðum og ausa hana stjörnum. Brynhildur Björnsdóttir á Fréttablaðinu segir meðal annars: „Þetta er saga skelfilegrar lífsreynslu en líka mannlegrar reisnar, samhjálp og kærleika, sögð af ástríðu og sorg. Ég klökknaði oft yfir þessari bók en samt var engin leið að leggja hana frá sér.“ Í niðurstöðum sínum segir hún meðal annars bókina fallega og áhrifamikla. Í sama streng tekur Reynir Traustason sem skrifaði gagnrýnina fyrir Stundina, málið er honum að vissu leyti skylt sem Flateyrings, en segir hann engan annan hafa geta skilað þessari bók frá sér með slíkum sóma og Sóley gerir, hún hafi haft aðgang að trausti fólks, þar sem hún deilir með þeim lífsreynslunni og sorginni.


Einn kafli úr gagnrýni Reynis er sérlega sterkur og gefur inn-sýn inn í þær áhrifamiklu sögur úr bláköldum raunveruleikanum sem birtast í bókinni: „Ungur drengur hleypur á nærfötunum í gegnum kafsnjó og sorta til að fá hjálp fyrir bróður sinn og foreldra. Lýsingin er sláandi þar sem drengurinn sér ekkert nema rústir í kringum sig. Hjónin í næsta húsi við Sóley ná að brjóta vegg til að komast að dóttur sinni en það er um seinan. Stúlkan, sem átti aðeins nokkra daga í 15 ára afmælið, var látin. Í ör-væntingu reyndu þau að hnoða hjarta hennar í gang eða blása í hana lífi en án árangurs. Hjónin gera sér grein fyrir því að stúlkan er látin. Á meðan þau bíða eftir hjálp búa þau um stúlkuna sína og klæða hana í föt eins og til að halda á henni hita. Þannig er staðan þegar björgunarmenn birtast. Harmsögurnar og fyrir-boðarnir eru víða. Og Sóley nær að gera þessu öllu skil á fallegan og látlausan hátt.“

Sóley segir það hafa komið sér skemmtilega á óvart í fyrstu hversu margir hafi haft orð á því að bókinni væri falleg, en eftir á að hyggja skilji hún það betur, þar sem sagan sé einnig saga af mannkærleika og von, þrátt fyrir að fjalla um sorglega atburði. Hún segir að hún hafi alls ekki viljað ganga fram af fólki með lýsingarorðaskrúði, það sé algjör óþarfi. Allar tali sögurnar


Vestfjarðabækurnar




Gunnar B. Eydal lagði ekki fyrir sig tónlist eins og bræður hans. Gagnorð og fróðleg. Norðlenski húmorinn ekki langt undan!




Söguhetjurnar segja hispurslaust frá. Afar gott innlegg í umræðu dagsins.




Ekki er allt sem sýnist þegar komið er vestur á firði! Barnabók fyrir alla aldurshópa.



Lifandi og hressileg reynslusaga Vestfirðings sem fór út í heim með nesti og nýja skó.



Allt fram til 1880 var aðeins eitt varanlegt íbúðarhús á Flateyri.



Hvernig eiga erlendir gestir að haga sér á Íslandi? Bráðnauðsynleg fyrir ferðamennina!

Bækurnar að vestan eru hvorki stórkostlegar, æðislegar, einstakar, meistaraverk, ógleymanlegar né töfrandi. En við teljum af vestfirskri hógværð að þær leyni á sér!

Við höfum nú gefið út á fjórða hundrað bækur um Vestfirði og Vestfirðinga. Sumir fræðimenn telja að þetta sé einhver umsvifamesta bókaútgáfa hjá einu forlagi utan höfuðborgarsvæðisins frá upphafi byggðar á landinu! Hvað heldur þú?

Vestfjarðabækurnar fást í bókaverslunum um land allt



Vestfirski forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181- jons@snerpa.is
www.vestfirska.is



áhrifamiklu og raunalegu máli sínu án þess að einhverju hafi þurft að bæta við í þeim efnum, hún segir hennar helsta markmið hafa verið að koma hlutunum frá sér eins og þeir voru.

„Þegar ég var lítil þá horfði ég á bíómynd sem heitir Twister og segir frá lítilli stelpu sem missir pabba sinn í hvírfilbyl og tekur svo til við að rannsaka það þegar hún eldist. Eftir að hafa horft á myndina segi ég við mömmu „Ég ætla að gera svona þegar að ég verð stór! Þá ætla ég að rannsaka snjóflóðið á Flateyri.“ Ég reyndar hef aldrei verið sterk á raungreinasviðinu, en ég gerði þetta eftir mínum leiðum með sagnfræðinni.“ Segir Sóley frá í kynningunni á Ísafirði, en sagan er annarsvegar persónuleg lýsing Sóleyjar á atburðunum og viðtöl við samborgara hennar og hinsvegar nákvæm skrásetning atburða, bæði staðsetning og tímalína þeirra. Bókin er afskaplega vel uppsett með tilliti til þessa og inn á síður hennar er búið að setja raunverulega tímalínu, jafnframt

því sem staðsetningarkort fylgir sögunum og gerir lesendum kleift að geta staðsett sig í tíma og húsum á Flateyri án mikillar fyrirhafnar.

Sóley segir að það hafi sótt mikið á hana síðustu 10 árin eða svo að skrifa bókina – segja söguna eins og hún vildi alltaf gera. Það hafi svo verið orðið þannig að allir í kringum hana vissu að þetta yrði að fara að gerast, hún gæti ekki bara talað um þetta svona endalaust. Svo einn góðan veðurdag fyrir tveimur árum eða svo ákváðu hún og maðurinn hennar að nú væri mál að linna, hún skyldi hætta að vinna og setjast við skrifritir á bókinni sem engin nema hún gæti skrifað.

Hreinsandi ferli þótt erfitt sé

Sóley segir það ekki hafa verið auðvelt að skrifa bókina, þar sem hún aftur og aftur rifjaði upp sársaukafyllstu atburði lífs síns, auk þess að fylgja fjölda annarra í gegnum sáran minningar. Það er þekkt að við að minnast gamalla

áfalla geti í fólk í raun endurupplifað áfallið – skyldi slíkt hafa gerst hjá Sóleyju?

„Það komu einhver augnablik þar sem ég upplifði það. Ég fékk til dæmis mjög sterka minningu um að skjálfa, sem ég hef ekki fundið áður. Það að fara yfir þetta svona oft og svona djúpt það greinilega vakti upp minningu sem ég var búin að gleyma og ég var mjög hissa á að upplifa þetta.

Þegar ég var nýflutt suður í sjötta bekk þá bað umsjónarkennarinn minn mig um að gera endurminningarpistil um flóðið og mamma hélt upp á hann. Hún lét mig svo fá hann þegar ég var að skrifa bókina og þá gat ég séð hvernig tólf ára ég var að hugsa um þetta. Það hjálpaði líka við að draga fram minningar sem ég var búin að gleyma. Eitt og annað ýfði upp minningar sem voru í raun horfnað mér og það var mikið tilfinningarót – en einhvernvegin er maður alltaf sterkari þegar maður kemur út úr slíku. Svo þetta er hreinsandi ferli þótt erfitt sé.“

– Heldurðu að það sama eigi við hjá viðmælendum þínum í bókinni?

„Já. Ég hef það á tilfinningunni, sérstaklega hjá þeim sem lítið hafa talað um flóðið og ég fékk viðtöl við. Ég sá alveg mun á sumum eftir að ég ræddi við þá, það var eins og þá væri búið að taka tappann úr og þá hægt að deila meira. Ég vil meina að ég hafi hjálpað einhverjum og vil algjörlega meina að aukin umræða hjálpi fólk. Þó þetta sé



Sóley kynnir bókina á Ísafirði. Mynd frá Bókasafni Ísafjarðar.

erfitt, þá er það gott og það má ekki gera þetta að einhverju tabúi.

Ég held að fólk líði sérstaklega illa ef það þarf að burðast með hlutina, líkt og með skipverjana af Péttri Jónssyni sem stigu fram í fyrra og höfðu ekki talað um aðkomu sína að björgunarstörfunum í tuttugu ár. Ég var svo hissa þegar ég hitti þá og áttaði mig á að þetta er enn til í dag að fólk væri ekki að tala um eitthvað svona. Því við vitum að það er svo hollt að tala um hlutina, það hreinsar sálina. Þarna voru menn sem höfðu ekki einu sinni sagt konunum sínum frá því að þeir hefðu verið þarna í heilan dag að grafa upp fólk. Þetta er auðvitað skelfileg lífsreynsla og hræðilegt að mennirnir hafi verið að bera þetta einir. Þeir hafa kannski upplifað að þeir mættu ekki tala um að þeir hafi verið að hjálpa, að einhverjir héldu að þeir væru þá kannski að monta sig.

Ég sé að með aukinni umræðu að það virðist alltaf verða auðveldara fyrir fólk að tjá sig. Til dæmis í haust þegar 21 ár var liðið frá flóðinu að þá voru mun fleiri Flateyringar að minnast atburðanna en áður. Margir sem aldrei höfðu tjáð sig voru farnir að gera það. Kannski eru alltaf fleiri að átta sig á að það er engin ástæða til að bera harm sinn í hljóði. Ég held að fólk finni líka fyrir áhrifum þess þegar það tjáir sig og fær við því sterk viðbrögð hvað það getur látið því líða vel. Ég held að fólk sé farið að átta sig á að ef það opnar sig þá getur það fengið svo mikið til baka.

Vil ekki spila á tilfinningar fólks

Við tökum aðeins til við að ræða bókina og framsetningu á efninu sem er svo hlaðið erfiðum tilfinningum og nálgun yfirleitt á slíkt, sem getur verið afar vandasöm. Hún má ekki fela í sér of mikla fjarlægð því þá virkar hún of köld og hún má ekki fela í sér of mikla nálægð því þá er hún kölluð tilfinningaaustur eða eitthvað þaðan af verra. Stefán maður Sóleyjar og einn hennar helsti stuðningsmaður í gegnum allt ferlið við að skrá söguna, fyrst í ritgerðinni og svo í bókinni segir konunni sinni hafa tekist afar vel upp með að þræða þann vandrataða veg: „Bókin er á mannamáli, hún er ekki ofskreytt og það er ekki verið að leika sér að tilfinningum fólks. Þetta er bara eins og það var. Sumar sögurnar eru rosalega sterkar og ég hef aldrei komist í gegnum að lesa próförk, sem ég gerði örugglega tíu sinnum, án þess að gráta, maður bara getur ekki annað. Það væri hægt að gera þetta allt svo miklu dramatískara, en Sóley bæði sem polandi og sem sagnfræðingur segir hlutina bara eins og þeir eru.“

Sóley bætir við að hún sé ekki hrifin af því þegar verið er að spila á tilfinningar: „Þetta er náttúrulega það tilfinningaprungið efni að það þarf bara að greina frá því sem gerðist, það í sjálfu sér er næstum yfirlægilegt.“

Þegar þetta er ritað er jólabókaflóðið í algleymingi og Sóley út



Sóley áritar bókina í útgáfuþófinu sem haldið var á KEX-hostel.



JÓLIN LIGGJA Í LOFTINU

Innanlandsflug fyrir jólapakkann á 1.300 kr.*

Biðin eftir jólunum lengist sífellt en stóra stundin þokast nær.
Komdu pakkanum í réttar hendur í tæka tíð með jólafrakt Icelandair Cargo.

Við tökum við þökkunum þínum og komum þeim
hratt og örugglega til skila, því tíminn flýgur.

*1-10 kg, gildir 12.-21. desember 2016



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

www.icelandaircargo.is | Sími 570 3400

ICELANDAIR
CARGO



Því tíminn flýgur

SÓLEY EIRÍKSDÓTTIR
HELGA GUÐRÚN JOHNSON



Nóttin sem öllu breytti

Snjóflóðið á Flateyri

um allar trissur að lesa úr bókinni og kynna hana. Hún segir að það þurfi að vanda valið og hún geti ekki lesið sömu kaflana fyrir alla.

„Ég upplifði að ég þyrfti að vanda mig sérstaklega þegar ég kom hingað vestur að velja kaflana mjög gætilega, þar sem margir þekkja til. Það eru svo margir sem tengjast þessu með einhverjum hætti og kannski best að lesa fyrst fyrir sig. Þegar þetta snýst um einhverja sem þú þekkir ekki, þá er þröskuldurinn hærri, því þú ert með fjarlægð og getur kannski ekki séð þetta fyrir þér eins og fólkið sem er hérna.“ Sóley segir það henta efninu vel að fjalla um það í bók, þá geti fólk í raun lagt hana frá sér á hvaða tímapunti sem er þyki það efnið ganga of nærri sér, það sé oft erfiðara í öðrum miðlum. Hún segir jafnframt að þetta sé slík saga að hún þurfi að vera skráð.

Í framhaldinu ræðum við

hverjir megi syrgja í aðstæðum sem þessum þar sem við vissum báðar um fólk sem fannst það í raun ekki hafa rétt á því að syrgja því þarna voru svo margir sem misstu svo mikið:

„Mér finnst mjög sorglegt til þess að hugsa að fólk hafi verið að upplifa sig þannig að það mætti ekki syrgja, því þá í raun er það farið að loka á þessar tilfinningar og byrgja þetta inni. Ég hugsa að þetta hafi samt verið reyndin með marga bæði í Súðavík og á Flateyri, fólk upplifði að það væru svo margir búnir að missa svo mikið að það gæti ekki verið að kvarta. Ég hugsa að sá hugsanaháttur hafi verið algengur en hann er bara svo skaðlegur og ég virkilega vona að fólk hugsi ekki svona lengur.“

Sóley segir að ein ástæða fyrir því að hún skrifaði þessa bók sé að umræðan um snjóflóð í mannabyggðum megi alls ekki

sofna: „Ég heyrði í útvarpinu í fyrra að snjóflóð hefði fallið á íbúðarhús á Patreksfirði og ég hugsaði með mér „HA?! Er þetta í alvörunni enn að gerast?“ Við megum alls ekki gleyma því hvaða afleiðingar snjóflóð hafa haft hér á landi og umræðan þarf að vakandi. Við búum í lifandi landi með fólki sem býr við fjöll, svo þetta getur alltaf gerst.“

Flateyri ekki söm

Í upphafskafli bókarinnar fjallar Sóley um uppvöxt sinn á Flateyri og samfélagið á Flateyri og uppbyggingu atvinnulífs þar fyrir flóð. Fá samfélög á Íslandi hafa orðið fyrir jafn þungu höggi á okkar tímum og Flateyri og Súðavík urðu fyrir í snjóflóðunum árið 1995 og frá Flateyri fluttu um 100 manns eftir flóðið, sem í sjálfu sér var annað áfall fyrir þá sem eftir voru og réru lífróðurinn samfélagi sínu til handa. Stuttu seinna varð Flateyri svo hluti af nýstofnuðu sameiginlegu sveitarfélagi, Ísafjarðarbæ, sem gerði það að verkum að öll stjórnsýsla fluttist úr bænum yfir á Ísafjörð og kannski hægt að segja að Flateyringar hafi ekki lengur verið húsbandur á eigin heimili. Æ ofan í æ hafa áföll í atvinnulífinu dregið máttinn úr þessu fyrrum líflega sjávarþorpi.

„Ég man að við vorum mikið á Flateyri árin eftir flóð og það var alls ekkert bara eynd og volæði. Það var líka hugur í fólki við uppbygginguna og líka fólk að flytja í bæinn en ekki bara úr honum. Ég vil ekki meina að það hafi bara verið flóðið sem fór illa með Flateyri, ég vil meina að það hafi ekki síður verið atvinnumálin.“ Sóley segist vera bjartsýn fyrir hönd Flateyrar og framtíðarinnar þar og segist hún sérstaklega glöð að heyra um hugmyndir um lýðháskóla þar, þær séu eitthvað sem komi beint úr grasróttinni og geti vel virkað.

Sorgarviðbrögð ekki alltaf viðeigandi

Það er svo ljóst að Sóley hefur



Sóley og eiginmaður hennar Stefán Reynisson og dæturnar Margrét Nótt sem er elst þeirra þriggja, miðjan Vilborg Saga og Elísa Dögun sú yngsta.

rýnt vel í flóru þess sem mannlegt eðli hefur upp á að bjóða, velt fyrir sér tilfinningum, viðbrögðum, hegðun og því sem greinir okkur manneskjurnar frá vélum og birtir ófullkomna en um leið fallega mennskuna. Sóley er kát að eðlisfari og lífsgleðin geislar af henni, sem sumum getur reynst erfitt að skilja vitandi sögu hennar. Hún segir að fram til þessa hafi ekkert neikvætt um bókina borist henni til eyrna, en hún hafi fengið gagnrýni á það að vera ekki nógu sorgmædd í viðtölum og að hún virki oft helst til gláðleg, fjallandi um þessi erfiðu mál. Hún segist hafa hugleitt þetta aðeins, en svo komist að þeirri niðurstöðu að svona þyrfti þetta bara að vera – hún gæti tæplega farið að skipta um persónuleika til að kynna bókina betur. Hún veit sitthvað um viðeigandi og óviðeigandi hegðun þó eftir lexíur lífsins.

„Það tók langan tíma að taka til eftir flóðið. Net voru strengd yfir brakið svo það væri ekki fjúkandi um bæinn. Sumarið eftir flóð, þá var ég í unglingavinnunni á Flateyri og þá vorum við krakkarnir send í grunnana til að hreinsa. Eftir á kom það til umræðu hversu slæmt það gat nú verið að senda litla krakka í þessi verk og hreinlega afar óviðeigandi. Það átti að senda okkur öll til sálfræðings í kjölfarið en ég var sú eina sem mætti.

Við krakkarnir vorum öll send í hópmeðferð hjá BUGL eftir flóðið og við vorum alls ekki móttækileg fyrir þessu. Ég vil reyndar meina svona eftir á að við höfum bara öll verið í svo miklu áfalli svona skömmu eftir flóð að við höfum bara ekki verið tilbúin til að vinna úr þessu. Við vorum bara að fiflast og prakkarast. Ég fór líka í einhver einkaviðtöl, en ég var bara með mótpóla og ekki að meðtaka þetta. Þetta er vandmeðfarið og ég held að það þurfi að fylgja fólki eftir í langan tíma sem lendir í svona miklu áfalli. Ég hugsa að alveg fyrsta árið hafi ég ekki verið til í að fara í þetta með fagaðilum, ég var miklu frekar tilbúin að ræða þessi mál

við einhvern sem hafði upplifað eitthvað svipað. Svo það var í raun mín áfallahjálp fyrst í stað, að ræða þetta við fjölskylduna, vinina og fólkið á Flateyri og ég hélt því í raun áfram og var alltaf mjög opin með þetta og ég hugsa að það hafi fyrst og fremst verið mín áfallameðferð – að tala um þetta.

Ég er ekkert stolt af öllum mínum viðbrögðum, en ég reyni að tala um þau líka í bókinni. Sorgarviðbrögð eru ekkert alltaf neitt sérlega viðeigandi og ég reyni að skafa ekkert utan af því. Svona leið okkur fjölskyldunni og svona létum við og ég vil líka gefa fólki hlutdeild í því.“ Sóley segist upplifa að fólk sé þakklátt fyrir það að hún skuli vera sannsögul um þessa hluti og ekkert að þykjast með þá. „Með því að segja „já, ég veit að ég gerði þetta og sagði þetta.“ þá er maður líka að gefa sér kost á að halda áfram. Ég hugsa að fólk kunni frekar að meta þetta svona og sjái hversu breysk og mannleg við erum öll.“

En það var sannarlega ekki allt óviðeigandi og erfitt í kjölfarið á flóðinu líkt og þessi litla minning sannar: „Eitt af því sem var ótrúlega fallett var að árganginum mínum á Flateyri og í Súðavík var boðið til Noregs af Rótaryhreyfingunni sumarið 1996. Þetta var virkilega fallett ferð og við vorum í 12 daga á fullu í einhverjum ævintýrum og það var svo frábært að hitta aðra krakka sem bjuggu yfir svipaðri lífsreynslu. Þetta var yndislegt og fallett framtak að vilja létta krökkunum lundina. Það var margt svo fallett sem var gert í kjölfarið á flóðinu.“ Sóley talar líka um söfnunina Samhug í verki sem hafi yljáð mörgum um hjartarætur og í lokakaflanum á bókinni segir hún nokkuð sem lýsir eflaust vel tilfinningum margra þessa örlagaríku daga í lífi þjóðarinnar: „Í hjarta sínu voru Íslendingar allir Flateyringar meðan hörmungarnar gengu yfir.“

annska@bb.is

Stollen jólabrauð
Laufabrauð
Smákökur
Piparkökur
Tertubotnar
Marengsbotnar
Rúgbrauð
Marsipanbrauð
Marsipanhjörtu
Jólaönnur
Hátíðarkaffi
Jólate
Jólaekatlar
Tekatlar
og margt fleira



**Gamla
bakarið**
ADALSTRÆTI 24 ☎ 456 3226 ISAFIRÐI



HAFÐU ÞAÐ GAMAN!

TENERIFE - COSTA BRAVA - KANARÍ
COSTA DORADA - ALBIR - BENIDORM

Það er alltaf sól og sæla hjá Gaman Ferðum.
Við bjóðum ferðir á sanngjörnu verði í sólina.
Kíktu á gaman.is, skoðaðu úrvalið og gerðu
verðsamanburð! Komdu með okkur,
það verður bara Gaman.



Ert þú ekki gera ekki neitt týpa?

Motus ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar (Credit Management Services).

Hjá Motus starfa rúmlega 150 starfsmenn á 12 starfsstöðvum um land allt. Meðal viðskiptavina Motus eru m.a. fjölmörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

intrum  **justitia**

Motus er samstarfsaðili Intrum Justitia, sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði kröfustjórnunar.

Þjónustustjóri óskast fyrir Vestfirði

Motus leitar að öflugum þjónustustjóra fyrir Vestfirði með aðsetur á skrifstofu félagsins á Ísafirði.

Starfið felst m.a. í þjónustu og samskiptum við viðskiptavini Motus á Vestfjörðum og er þjónustustjóri jafnframt hluti af daglegri fyrirtækjaþjónustu Motus á landsvísu.

Helstu verkefni:

- Þjónusta og upplýsingagjöf.
- Samskipti við viðskiptavini.
- Skýrslugerð.
- Úrvinnsla mála í fyrirtækjaþjónustu.

Hæfnispættir:

- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Frumkvæði og drifkraftur.
- Jákvæðni og sjálfstæði.
- Hæfni til að vinna í hóp og takast á við breytilegt umhverfi.
- Háskólamenntun eða starfsreynsla sem nýtist í starfi.

EKKI GERA EKKI NEITT er grundvöllur fyrirtækjamenningar Motus, en innri gildi starfsmanna eru hjálpssemi, frumkvæði, jákvæðni, vinnusemi og umburðarlyndi.

Í boði er skemmtilegt umhverfi, metnaðarfullir samstarfsmenn, afburða upplýsingakerfi og öflugt fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir starfsmannastjóri Motus í síma 440 7122. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu okkar www.motus.is. Umsóknarfrestur er til og með 22. desember 2016. Ráðið verður í starfið sem fyrst.


**motus**

PAKKAJÖL

Í HÚSASMÍÐJUNNI

20-30%
afsláttur

Rafmagnsverkfæri,
smáraftæki, búsaðhöld
og fatnaður



Ný
vefverslun
husa.is

Verslaðu þegar
þér hentar
www.husa.is



Afgreiðslutími um helgina

Laugardagur 17. des. kl. 10:00-18:00
Sunnudagur 18. des. kl. 12:00-18:00

Virðum hvíldartímann um hátíðarnar

JÓNSSON & LEWIS • JÚLIS • SÍÐA

Hvíld er ekki bara svefn. Til að njóta gæðastunda um jólin – og allt árið um kring – eiga félagsmenn VR rétt á 11 klukkustunda hvíld á sólarhring að lágmarki.

Nánar á vr.is

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

VR

SAMSUNG

Jólagjafir heimilisins

KU6175



UHD - 4K • Bogið • 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • • Nýtt Smart viðmót • LED • PQI: 1400

40" kr. 109.900,- / 49" kr. 129.900,- / 55" kr. 149.900,-

Samsung HW-K661

320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. **Verð frá 99.900,-**



Samsung HW-J6510

300w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. **Verð frá 99.900,-**



Samsung HW-J7511-R

320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. **Verð frá 149.900,-**



Samsung

R-1 MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu.
Verð frá 32.900,-



Samsung

R-3 MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
Verð frá 47.900,-



Samsung

R-6 MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
Verð frá 64.900,-

SAMSUNG
K5505



THIS IS TV

LED • 1920x1080 • 400 PQI
• Nýtt Smart viðmót

32" kr. 64.900,- / 40" kr. 89.900,-
/ 49" kr. 119.900,- / 55" kr. 149.900,-

SAMSUNG
KU6405/6475



THIS IS TV

UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót
• Quad-Core örgjörfi

43" kr. 119.900,- / 49" kr. 149.900,-
/ 55" kr. 179.900,- / 65" kr. 309.900,-

SAMSUNG
KU6655/6505



THIS IS TV

UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt
Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

43" kr. 129.900,- / 49" kr. 159.900,-
/ 55" kr. 189.900,- / 65" kr. 309.900,-

ORMSSON

PRISTUR

HAFNARSTRÆTI 12 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 4751



Farmers Market
ICELAND

Farmers Market er íslenskt hönnunarfyrirtæki.
"Við vildum vinna í kringum skurðpunkt þar sem fortíð mætir nútíð,
hið þjóðlega mætir hinu alþjóðlega og sveitin mætir borginni.
Okkur þykir spennandi að bræða saman þessa heima.."



Kaupmaðurinn

Austurvegi 2, 400 Ísafirði
Sími: 456 4070

**GILBERT
ÚRSMÍÐUR**



JÓLAGJÖFIN Í ÁR?

VIÐ KYNNUM ARC-TIC RETRO
FYRIR DÖMUR OG HERRA
VERÐ FRÁ: **29.900,-**

Íslensku úrin

66°N
fyrir börn
og fullorðna

66north.is



VINNSLUSTJÓRI – ARCTIC FISH

Arctic Fish auglýsir eftir vinnslustjóra til að stýra vinnslu á eldisafurðum félagsins.

Í vetur er áætlað að vinna eldissilung og innan tveggja ára mun hefjast vinnsla á laxi. Vinnsla fyrirtækisins er í húsnæði Íshússfélags Ísfirðinga á Ísafirði en framtíðaráform eru enn í mótun og vinnslustjóri mun taka þátt í því verkefni.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst

UM ARCTIC FISH

Arctic Fish og dótturfélag þess eru með silungs- og laxeldisstarfsemi í Tálknafirði, Dýrafirði, Öndarfirði og á Ísafirði. Fyrirtækið hóf starfsemi árið 2011 og hefur vaxið jafnt og þétt en í dag starfa um 20 manns við seiðaelði, sjöldi og stjórnun, allt að 20 við vinnslu eldisafurða og þá starfa um 10-20 manns við byggingarframkvæmdir á nýrri fullkomnri endurnýtingar seiðaeldisstöð á Tálknafirði. Seiðaeldisstöðin er mikilvægur grunnur að frekari uppbyggingar-áformum félagsins á Vestfjörðum en Arctic Fish starfar eftir hinum virta alþjóðlega umhverfisstaðli ASC. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins

www.arcticfish.is

HELSTU VERKEFNI

- Dagleg stýring á vinnslu með 12-20 starfsmönnum til að byrja með, en fer vaxandi
- Hönnun á vinnsluferlum og þátttaka í hönnun á sláturferlum
- Utanumhald á briggabókhaldi
- Gæðastjórnun sláturs- og vinnsluferils í samræmi við ASC staðal
- Skipulagning á útskipunum á ferskum og frosnum eldisafurðum
- Þátttaka í sölustarfi og samskipti við kaupendur á afurðum

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Stjórnunarkunnátta eða reynsla úr fiskvinnslu eða sjávarútvegi er nauðsynleg
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á eða reynsla af gæðakerfum og gæðastjórnun
- Góð tölvukunnátta og hæfni í Rapid Fish eða öðrum sambærilegum birgðakerfum
- Aðlögunarhæfni og vilji til þess að kynna sér eldisstarfsemi félagsins

Umsóknir skal senda rafrænt með tölvupósti á Shiran Þórisson, Fjármálastjóra Arctic Fish, á nst@afish.is sem veitir einnig nánari upplýsingar um starfið. Umsóknum á að fylgja starfsferilskrá. **Umsóknarfrestur er til og með 20. desember næstkomandi.**



Menntaskólinn á Ísafirði

www.misa.is

Fjarnám

Mí býður upp á fjarnám í fjölmörgum áföngum og er auk þess í samstarfi við Fjarntenntaskólann, www.fjarntenntaskolinn.is

Frekari upplýsingar um fjarnám má finna á heimasíðu skólans, www.misa.is/fjarnam, og þar er einnig hægt að skrá sig.

Nám í dagskóla á vorönn 2017

Ennþá er hægt að innrita sig í nám í dagskóla á vorönn 2017. Allar upplýsingar um brautir í boði má sjá á heimasíðu skólans. 25 ára og eldri eru velkomin í bóknám ef laust pláss er í áföngum. Ekkert aldurstakmark er í verk- og starfsnám.

Sótt er um námið í gegnum



www.misa.is/namid/umsokn_um_skolavist/

Nám með starfi (lotubundið fjarnám)

Skipstjórnarbraut A (skip styttri en 24 metrar). Sótt er um námið í gegnum heimasíðu skólans, www.misa.is/fjarnam

Allar frekari upplýsingar um námið veita Heiðrún Tryggvadóttir áfanga- og gæðastjóri (heidrun@misa.is, s. 450 4400) og Hildur Halldórsdóttir aðstoðarskólameistari (hildur@misa.is, s. 450 4400).

Jólamyndir barna í Grunnskólanum í Bolungarvík



*Gleðileg
lukkujól!*

*Góð tækifærisgjöf, merkimiði á pakka
eða á diskana í jólaboðinu!*



Skemmtilegt að skafa!



Vínbúðin Ísafirði

Mánudagur	19. desember	12-18
Þriðjudagur	20. desember	12-18
Miðvikudagur	21. desember	12-18
Fimmtudagur	22. desember	12-18
Föstudagur	23. desember	11-20
Laugardagur	24. desember	10-13
Sunnudagur	25. desember	Lokað
Mánudagur	26. desember	Lokað
Þriðjudagur	27. desember	12-18
Miðvikudagur	28. desember	12-18
Fimmtudagur	29. desember	12-18
Föstudagur	30. desember	11-19
Laugardagur	31. desember	10-13
Sunnudagur	1. janúar	Lokað
Mánudagur	2. janúar	12-18

Vínbúðin Patreksfirði

Mánudagur	19. desember	14-18
Þriðjudagur	20. desember	14-18
Miðvikudagur	21. desember	14-18
Fimmtudagur	22. desember	14-18
Föstudagur	23. desember	13-19
Laugardagur	24. desember	10-12
Sunnudagur	25. desember	Lokað
Mánudagur	26. desember	Lokað
Þriðjudagur	27. desember	14-18
Miðvikudagur	28. desember	14-18
Fimmtudagur	29. desember	14-18
Föstudagur	30. desember	13-19
Laugardagur	31. desember	10-12
Sunnudagur	1. janúar	Lokað
Mánudagur	2. janúar	14-18

Vínbúðin Hólmavík

Mánudagur	19. desember	16-18
Þriðjudagur	20. desember	16-18
Miðvikudagur	21. desember	16-18
Fimmtudagur	22. desember	14-18
Föstudagur	23. desember	13-19
Laugardagur	24. desember	10-12
Sunnudagur	25. desember	Lokað
Mánudagur	26. desember	Lokað
Þriðjudagur	27. desember	16-18
Miðvikudagur	28. desember	16-18
Fimmtudagur	29. desember	16-18
Föstudagur	30. desember	13-19
Laugardagur	31. desember	10-12
Sunnudagur	1. janúar	Lokað
Mánudagur	2. janúar	16-18



Sportið í beinni
fimmtudagur 15. desember
19:45 Stjarnan - KR
föstudagur 16. desember
19:30 TSG 1899 Hoffenheim - Bor Dortmund
19:40 Norwich C - Huddersf
22:00 Körfuboltakvöld
01:00 Philadelphia - L.A. Lakers
laugardagur 17. desember
12:20 Crystal Palace - Chelsea
14:50 Sunderland - Watford
14:50 Stoke City - Leicester City
14:50 West Ham - Hull City
14:50 Middlesbr - Swansea C
15:10 Atl Madrid - Las Palmas
16:20 Stjarnan - Haukar
17:20 WBA - Manchester Utd
01:00 UFC Fight Night
sunnudagur 18. desember
13:20 Bournem - Southampton
14:30 Darmstadt - B Munchen
15:50 Man City - Arsenal
15:50 Tottenham - Burnley
19:40 Barcelona - Espanyol
21:20 D Broncos - NE Patriots
mánudagur 19. desember
19:50 Everton - Liverpool
00:00 Messan
þriðjudagur 20. desember
19:00 Bor. Dortm - FC Augsb
miðvikudagur 21. desember
19:00 B Munchen - RB Leipzig

Dagar Íslands
15. desember 1979:
Davíð Scheving Thorsteins-son keypti bjór í fríhöfninni við komu til landsins, en var meinað að hafa hann með sér. Þetta leiddi til rýmkunar á reglum um kaup á bjór í fríhöfninni.
16. desember 1916:
Framsóknarflokkurinn var stofnaður.
18. desember 1836:
Bærinn á Norðureyri við Súgandafjörð brotnaði í spón og fórust 6 manns í snjóflóði. Talið er að þessi bær hafi orðið fyrir fleiri snjóflóðum en nokkur annar á Íslandi.

Helgarveðrið
Á föstudag:
Suðvestanhvassviðri- eða -stormur og skúrir eða él, en úrkomulítið NA-til. Heldur hvassara og slydda eða snjó-koma sunnan- og vestanlands um kvöldið. Hiti 0 til 5 stig.
Á laugardag:
Sunnan og suðvestan strekkingur. Él vestanlands en víða þurr um landið austanvert. Hiti um og yfir frostmarki.
Á sunnudag:
Útlit fyrir sunnan hvassviðri eða storm, talsverða rigningu og hlýtt veður.

Krossgátan



		SKORÐAÐ-UR	GRAFTAR-BÓLGA	SKJÓLA		SKYLDIR	STAUR	VERKUR
	ÆRSLAST							
	SEYTLA				SVIFDÝR			
					AFSPURN			
	SÆTI					Í RÖÐ		
						KAUPA INN		
	TRADKA							
	GÓÐ-MÁLMUR							RÓL
	↓	UNDIR-EINS	ALMÆTTI			ÞÖKK		
			PRÓF-TITILL			FLUGFAR		
RAUST					TÁLKN-BLÖÐ			
					ÞRÓTTUR			
MEGIN				ÓSKERT				LJÓMI
				NIÐUR				
ÁTT			VEGSAMA			FLÝTIR		
			GOLA			ANDVARI		
STRUNS				SVIF			TVEIR EINS	
				PLANTA			MÁLMUR	
DUFL					URMULL			HINDRA
					LÆKKA			
		GED			ÓSKA			
		BLÍSTUR			VISNA			
MJÖG				FLAT-ORMUR				ÓSVIKINN
				ESPA				
TVEIR EINS			RÆÐU			VEFUR		
			KVK NAFN			LÉREFT		
TÆKIFÆRI				MELTINGAR-VÖKVI			GJALDMÍÐILL	
				FRÁ			VÖRU-MERKI	
PENINGAR					GNÍSTA			
	REFUR				SVARA			

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Áðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

Krefjast að staðið verði við gefin fyrirheit um Dýrafjarðargöng

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar krefst þess að staðið verði við gefin fyrirheit um Dýrafjarðargöng og að framlag til þeirra verði tryggt á fjárlögum ársins 2017, er fram kemur í bókun ráðsins sem samþykkt var á fundi þess á mánudag. Þar segir jafnframt að bæjarráð minni á yfirlýsingu Innanríkisráðuneytisins frá því í apríl á þessu ári þar sem áréttað var að framkvæmdir ættu að hefjast um mitt ár 2017 og segir bæjarráð það gríðarleg svik ef það gengi ekki eftir og vinnubrögð sem þessi ekki til þess fallin að auka traust til stjórnsýslunnar.

Í bókunni segir einnig: „Einhugur hefur verið um framkvæmd Dýrafjarðarganga meðal Vestfirðinga, vestfirskra sveitarstjórnarmanna og þingmanna kjördæmisins. Það var því mikil léttir þegar göngin voru kominn inn í gildandi samgönguáætlun og þegar yfirlýsing innanríkisráðuneytisins birtist í vor þegar efasemdaraddir fór að heyrast um göngin. Dýrafjarðargöng eru hluti af nýsamþykkttri ríkisfjármálaályktun og þar er skylda framkvæmdavaldsins að láta samþykktir þingsins hafa forgang þegar verkefni eru sett inn í fjárlagafrumvarp.“

annska@bb.is

Auglýsingasími

bb.is er

456 4560

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR



Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is



Eyrarrósín 2017

AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM

Eyrarrósín verður veitt í þrettánda sinn í febrúar næstkomandi. Viðurkenningin er veitt fyrir framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins (á starfssvæði Byggbastofnunar). Markmið Eyrarrósarinnar er að beina sjónum að og hvetja til menningarlegrar fjölbreytni, nýsköpunar og uppbyggingar á sviði menningar og lista.

Sex verkefni verða valin á Eyrarrósarlistann og þrjú þeirra munu hljóta tilnefningu til Eyrarrósarinnar ásamt peningaverðlaunum. Handhafi Eyrarrósarinnar hlýtur verðlaun að upphæð 2 milljónir króna.

Frú Eliza Reid, forsetafrú og verndari Eyrarrósarinnar, afhendir verðlaunin.

Umsóknum skal fylgja

Lýsing á starfseminni/verkefninu

Starfsáætlun næsta árs og framtíðarsýn

Upplýsingar um aðstandendur



Fjárhagsáætlun og ársuppgjör síðasta heila starfsárs

Umsóknarfrestur er til miðnætis **15. janúar 2017**

og verður öllum umsóknum svarað. Þær skulu sendar með tölvupósti til Listahátiðar í Reykjavík á netfangið eyrarros@artfest.is

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsvæði

Eyrarrósarinnar www.listahatid.is/eyrarrosin



Þjónustuauglýsingar

HG HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

	VIÐTÆKI	DÁ	UMDÆMIS	AUM	SANN- FÉRINGAR	MATAR- LÁT
ÚTSKYRA	Ú	T	L	I	S	T A
VIÐUR	T	R	É	Á	R	S
TRÚLEYSI	V	A	N	T	R	Ú K
GEGNA	A	N	S	A	A	U
↓	RÁKIR	ÚR HÖFI	Í RÖÐ	ÁÐUR	Á FÉTI	GRUNN- FLÖTUR
HÁSPIL	T	R	O	M	P	E L T
RANGLA	R	Á	F	A	S	N A R K A
KLIDUR	Y	S	T	R	O	G A L L
KJAFUR	G	I	N	I	Ð	J A I L
VÍN- BLANDA	G	R	O	G	G	A U G N A
Þ	AFGANGUR	R	E	S	T	ÁRÁS
SJÚK- DÖMUR	A	S	M	I	Ó	T A L
BERIST TIL	B	T	L	A	F	A F Í N
DRAUP	L	A	K	F	A	N G V Á
SKRAUT- STEINN	Ó	P	A	L	L	ÚTDEILT
MILLJÓN	M	I	L	L	A	TRUFLA

Sudoku þrautir

	8		7					4
			2		5		3	1
1	4	5	9	8			2	
7	3			1				
5		1	4			7		
	6			7				
	1	4				9		
				3	7		6	2
6		7	8			3		

	5	3	9			6		
4		1	3	6	2	8	7	5
							3	
	6	2						8
3	1	8				4		
	4			1	3	5	6	2
		4			9	2		6
6	8		1	2	5	7		
7			6			1	8	



Betra BAK
OPÍÐ ALLA
DAGA TIL JÓLA

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ



Aukahlutur á mynd: gafi

CHIRO UNIVERSE HEILSURÚM

**25%
AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ!**

- Fimm svæðaskipt yfirdýna.
- Laserskorið Conformo Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og axlasvæði.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt: 29 cm.

CHIRO UNIVERSE MED COMFORT BOTNI

STÆRD	FULLT VERÐ	JÓLATILBOÐ
120X200	151.460 KR.	113.595 KR.
140X200	166.460 KR.	124.845 KR.
160X200	189.020 KR.	141.765 KR.
180X200	204.020 KR.	153.015 KR.



LA Z BOY®

PINNACLE

Klæddur leðri á slitflötum.
Fáanlegur í mörgum litum.
Stærð: 84 x 90 x 100 cm

149.990 KR.
~~179.990 KR.~~



TVENNUTILBOÐ DÚNSÆNG OG DÚNKODDI

Sæng 140x200 cm.
Koddi 50x70 cm.
FULLT VERÐ
SAMTALS: 14.800 KR.
9.900 KR.

TEMPRAKON DÚNSOKKAR

Fyrir kalda tær.
Ótrúlega vinsæl
jólagingjóf.



Jólaverð: 4.990 kr.

Fullt verð: 5.990 kr.

BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

UNDRI HEILSUINNISKÓR

Með fimm svæða nuddinnleggi UNDRÁ heilsuinniskónna nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Dökkgrá eða ljós Merino-ull. **Komdu og prófaðu!**



BYLTINGAKENNT
5 SVÆÐA NUDDINNLEGG

7.900 KR.



ÖRVUN MED SVÆÐA- NUDDINNLEGGI MÍÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:

- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakk;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kvíðar;
- Bæta virkni meltingarkerfisins;
- Bæta blóðflæði í nára.

OKKAR KLASSÍSKI

HEILSUINNISKÓR

Ný og endurbætt útgáfa!

Vinsælasta jólagöfin í Betra Baki komin aftur. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um allt fótssvæðið.



1 PAR
3.900 KR.

2 PÖR
6.900 KR.
3.450 PARÍÐ

3 PÖR
9.900 KR.
3.300 PARÍÐ

NÚ ERU HÚSGAGNAHÖLLIN, BETRA BAK OG DORMA UNDIR EINU ÞAKI AÐ SKEIÐI 1, ÍSAFIRÐI (LJÓNID)

JÓLAOPNUN: LAUGARD. 17.DES. 11-17
SUNNUD. 18.DES. 12-16 | 19. OG 20. DES. 11-18
MIDVIKUD. 21.DES. 11-20 | FIMMTUD. 22.DES. 11-20
FÖSTUD. 23.DES. 11-22 | AÐFANGADAGUR 11-13



HÚSGAGNA
HÖLLIN

DORMA

Lattu drauminn rætast

